

**Yfirlýsing um stjórnarhætti**  
**Sparisjóðs Suður-Þingeyinga ses.**

Samkvæmt 3. mgr. 19. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, sbr. 12. gr. laga nr. 75/2010, ber Sparisjóði Suður-Þingeyinga ses. (sparisjóðnum) að fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja og birta árlega yfirlýsingu um stjórnarhætti sína í sérstökum kafla í ársreikningi eða ársskýrslu. Sparisjóðnum ber jafnframt að gera grein fyrir stjórnarháttum á vefsíðu sinni.

Sparisjóður Suður-Þingeyinga ses. fylgir leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar voru út í febrúar 2021 (6. útg.) af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Kauphöll Íslands. Í leiðbeiningunum er kveðið á um að árlega skuli birta yfirlýsingu um stjórnarhætti viðkomandi félags (stjórnarháttaryfirlýsingu) og þar tilgreint nánar hvaða atriði skuli koma fram í yfirlýsingunni. Í ársskýrslu í ársreikningi kemur fram í texta undir fyrirsögninni stjórnarhættir að yfirlýsing þessi sé birt á heimasíðu Sparisjóðs Suður-Þingeyinga ses. [www.spthin.is](http://www.spthin.is).

Stjórnarhættir Sparisjóðs Suður-Þingeyinga ses. byggjast einnig á eftirtöldu:

- Samþykktum sparisjóðsins.
- Reglum sparisjóðsins um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra.
- Reglum um áhættustýringu.

Samþykktir sparisjóðsins og reglur um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra er að finna á heimasíðu sparisjóðsins [www.spthin.is](http://www.spthin.is).

Utan stofnfjáreigendafunda fer stjórn Sparisjóðs Suður-Þingeyinga ses. með æðsta vald í málefnum sparisjóðsins sbr. 27. gr. samþykta hans. Hún skal annast skipulag hans og að starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi og tryggja að nægjanlegt eftirlit sé með bókhaldi og meðferð fjármuna sparisjóðsins. Enn fremur hefur hún með höndum almennt eftirlit með rekstri hans og tekur allar meiriháttar ákvarðanir sem snerta sparisjóðinn.

Stjórnina sem kjörin er á aðalfundi stofnfjáreigenda til eins árs í senn skipa 5 aðalmenn og 2 til vara. Stjórnarmenn skulu á hverjum tíma uppfylla hæfisskilyrði laga um fjármálafyrirtæki.

Upplýsingar um stjórnarmenn er að finna á heimasíðu sparisjóðsins.

Núverandi stjórnarmenn eru allir óháðir stærstu stofnfjáreigendum. Í upphafi starfsárs leggur stjórn fram starfsáætlun fyrir starfsárið og samþykkir hana. Samkvæmt henni eru stjórnarfundir að jafnaði einu sinni í mánuði eða oftast telji stjórn ástæðu til. Varamenn eru boðaðir í forföllum aðalmanna.

Í starfsáætlun stjórnar er á dagskrá einu sinni á ári að stjórn leggi mat á störf sín, frammistöðu stjórnenda, starfshætti og þróun sparisjóðsins.

Samkvæmt samþykktum sparisjóðsins er stjórnarfundur því aðeins lögmætur að a.m.k. þrjú stjórnarmenn sitji hann. Stjórnarfundir á árinu 2021 voru 12 talsins og var stjórn ákvörðunarbær á þeim öllum.

Stjórn sparisjóðsins hefur skv. heimild í 4. mgr. 78. gr. laga nr. 161/2002, sameinað störf endurskoðunar- og áhættunefndar, sbr. einnig IX kafla laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Sú nefnd er undirnefnd stjórnar. Hlutverk hennar er m.a. að leitast við að tryggja gæði ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga til að fjárfestar og aðrir hagsmunaaðilar geti reitt sig á gæði fjármálaupplýsinganna og störf endurskoðenda. Nefndin skal einnig sinna ráðgjafar- og eftirlitshlutverki fyrir stjórn sparisjóðsins m.a. vegna mótunar áhættustefnu og áhættuvilja sjóðsins.

Nefndarmenn skulu vera óháðir endurskoðendum sjóðsins og meirihluti nefndarmanna (nefndin er skipuð þremur mönnum) skal jafnframt vera óháður sjóðnum. Einu sinni á ári hið minnsta skal nefndin skila stjórn sjóðsins yfirliti yfir störf sín. Erindisbréf nefndarinnar má finna á heimasíðu sparisjóðsins [www.spthin.is](http://www.spthin.is).

Stjórn staðfestir skipan lánanefndar að fenginni tillögu sparisjóðsstjóra. Lánanefnd skal vera sparisjóðsstjóra til ráðgjafar varðandi útlán sem ekki falla undir ákvörðun stjórnar.

Ekki eru fleiri formlegar undirnefndir skipaðar af stjórn að störfum í sparisjóðnum og ekki þykir ástæða til að skipa fleiri þar sem starfsheimildir sjóðsins eru takmarkaðar, starfsmenn fáir, boðleiðir stuttar og verksvið hvers og eins vel skilgreint.

Stjórn tekur virkan þátt í stefnumótun sparisjóðsins og fylgir henni eftir. Stjórnin uppfærir reglur um framkvæmd áhættustýringar og ber sparisjóðsstjóri ábyrgð á að framfylgja reglunum. Hann ber einnig ábyrgð á að upplýsa stjórn um framgang áhættustýringar, niðurstöður mælinga og frávik. Áhættustýring er reglulega á dagskrá stjórnarfundar. Innri endurskoðun ber ábyrgð á því að taka a.m.k. einu sinni á ári út skipulag og virkni áhættustýringar sjóðsins og upplýsa stjórn og stjórnendur um frávik hvers konar.

Stjórn ræður innri endurskoðendur sjóðsins. FME hefur veitt heimild til undanþágu frá starfrækslu innri endurskoðunardeildar með hliðsjón af eðli og umfangi rekstrar sjóðsins. Samningur um innri endurskoðun er í gildi milli sparisjóðsins og PriceWaterhouseCoopers ehf. Skýrslur og niðurstöður úttekta innri endurskoðanda eru birtar stjórn millilíðalaust.

Stjórn ákveður hver eða hverjir hafi heimild til að skuldbinda sparisjóðinn með samþykkt undirskriftareglum.

Stjórn ræður sparisjóðsstjóra og gerir við hann skriflegan ráðningarsamning með skilgreiningu á starfssviði og ábyrgð og ákveður honum laun og önnur ráðningarkjör. Daglegur rekstur er í höndum sparisjóðsstjóra. Í IV. kafla reglna Sparisjóðs Suður-Þingeyinga ses. um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra er fjallað um „hlutverk og skyldur sparisjóðsstjóra“.

Sparisjóðsstjóri er Eyjólfur Vilberg Gunnarsson f. 1971. Hann tók við stöðu sparisjóðsstjóra í september 2021. Eyjólfur er ekki stofnfjáraðili í sparisjóðnum og við hann hafa ekki verið gerðir kaupréttarsamningar.

Eyjólfur starfaði í rúm 10 ár fyrir Arion banka, sem forstöðumaður bíla- og tækjafjármögnunar (2019), svæðis- og útibússtjóri á Vesturlandi (2016-2019), forstöðumaður fyrirtækjaviðskipta (2011-2016) og fjármálaráðgjafi fyrirtækja (2009-2011). Hann starfaði að hluta samhliða meistaranámi við greiningardeild Glitnis og til fjögurra ára hjá Lýsingu sem fjármálaráðgjafi fyrirtækja.

Eyjólfur er með viðskiptafræðimenntun frá Háskóla Íslands (2002) og með M.Sc. gráðu í fjárfestingastjórnun frá Háskólanum í Reykjavík (2009). Einnig er Eyjólfur að taka löggildingu fasteigna- og skipasala, með skipstjórnarréttindi á skip upp að 45 metrum, vélavarréttindi upp að 750 kw og knattspyrnuþjálfararéttindi.

Í 3. gr. samþykktar sjóðsins er hlutverk hans þannig skilgreint. „Hlutverk sparisjóðsins er að stunda sjálfbæra svæðisbundna fjármálastarfsemi á grundvelli samfélagslegrar ábyrgðar, starfsemi sem stendur vörð um og þróar atvinnulíf, mannlíf og velferð svæðisins.“

Sparisjóður Suður-Þingeyinga ses. hefur sett sér kjarnagildi og siðareglur. Gildin eru: Ábyrgð, trúnaður, traust, metnaður, manngildi, þekking, umhyggja, alúð og þjónustuvilji. Siðareglur sem í gildi eru hafa verið kynntar starfsmönnum og hafa þeir skuldbundið sig til að fara eftir þeim. Reglurnar stuðla að ábyrgri ákvarðanatöku, fagmennsku sem og virðingu fyrir viðskiptavinum, samstarfsfólki og vinnustaðnum.

Aðalfundur sparisjóðsins ákveður árlega starfskjarastefnu sjóðsins að fengnum tillögum stjórnar.

Sparisjóðurinn hefur ekki brotið nein lög eða reglur sem viðeigandi eftirlits- og eða útskurðaraðili hefur ákvarðað.